

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 117/2019**

2022/EES/69/11

frá 8. maí 2019

**um breytingu á II. viðauka við EES-samninginn (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/157 frá 6. nóvember 2018 um breytingu á II. viðauka við framselda reglugerð (ESB) nr. 1062/2014 um vinnuáætlunina um kerfisbundna athugun á öllum fyrirbyggjandi virkum eignum sem sæfivörur innihalda og um getur í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 <sup>(1)</sup>.
- 2) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

*1. gr.*

Eftirfarandi er undirlið er bætt við lið 12nza (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1062/2014) í XV. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„– **32019 R 0157**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/157 frá 6. nóvember 2018 (Stjtíð. ESB L 31, 1.2.2019, bls. 1).“

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/157, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. júní 2019, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (\*).

*4. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 8. maí 2019.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Claude Maerten**

formaður.

<sup>(1)</sup> Stjtíð. ESB L 31, 1.2.2019, bls. 1.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.